



AÐALSKIPULAG ÖLFUSS 2010-2022

Breyting á hafnarsvæði í Þorlákshöfn

28.03.2019





Samþykktir

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____

Aðalskipulagsbreytingin var auglýst frá: _____ með athugasemdafresti til: _____

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest með auglýsingu í B deild Stjórnartíðinda: _____

Skipulagsgögn

Gildandi og breyttur aðalskipulagsuppráttur.
Greinargerð með forsendum og skipulagsskilmálum.

EFNISYFIRLIT

1	INNGANGUR _____	5
2	FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPULAGSGERÐAR _____	5
2.1	STAÐHÆTTIR OG AÐKOMA _____	5
2.2	TENGL VÍÐ AÐRAR ÁÆTLANIR _____	6
2.3	STEFNA Í GILDANDI AÐALSKIPULAGI _____	6
2.4	FORNMINJAR OG VERNDARSVÆÐI _____	7
2.5	LYKTARMENGUN _____	7
3	BREYTING Á AÐALSKIPULAGI _____	8
4	UMHVERFISSKÝRSLA _____	12
5	MÁLMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR _____	15

1 INNGANGUR

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2010-2022, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Gildandi skipulag var samþykkt í bæjarstjórn 30. ágúst 2012 og staðfest af Skipulagsstofnun þann 21. september 2012. Breytingin tekur til hafnarsvæðisins austan Þorlákshafnarvegjar og Óseyrarbrautar og suður undir Stekkjarbót. Breytingin er gerð vegna breyttra forsendna og þróunar á hafnarsvæðinu.

Með greinargerð þessari fylgir uppdráttur dagsettur 28.03.2019.

2 FORSENDUR OG MARKMIÐ SKIPULAGSGERÐAR

Helstu forsendur breytinga eru að vöruflutningar á sjó hafa aukist og því eru mun tíðari komur vöruflutningaskipa til Þorlákshafnar, metið er að það haldi áfram að aukast á næstu árum. Aðlaga þarf höfnina og starfsemina í kring að því hlutverki og bæta aðkomu að hafnarsvæðinu til frambúðar, svo hún verði örugg og skilvirk. Ein af meginforsendum fyrir því að endurskoða landnotkun og skilmála fyrir hafnarsvæðið er aukin umferð um svæðið, samhliða vaxandi eftirspurn eftir lóðum. Norðan Hafnarvegjar eru fyrirhugaðar nýjar lóðir sem skapað geta möguleika fyrir fyrirtæki að byggja upp fjölbreytta atvinnustarfsemi.

Vegna framtíðarstækkunar hafnarinnar við Skötubót og með tilkomu nýrra lóða á hafnarsvæði merkt H0 þarf að huga að umferðaflæði frá höfninni og inn á Þorlákshafnarveg sem og við önnur framtíðarsvæði vestan við Þorlákshafnarveg. Til að gera umferð greiðari til framtíðar litið er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum á Þorlákshafnarvegi. Gert er ráð fyrir að vegurinn sem fer frá gatnamótunum og inn á hafnarsvæðið verði megin aðkoma að hafnarsvæðinu í framtíðinni, þegar höfnin er komin í fulla stærð. Þjónustustig vegjarins í framtíðinni er metið að falli undir sömu kröfur og gert er fyrir 2+1 og 2+2 vegi sem eru með umferðarhraða 70 km/klst eða meira, en við slíkar aðstæður er mælt með mislægum gatnamótum út af öryggismálum. Með mislægum gatnamótum er verið að aðskilja umferð á vegi sem þverar þjóðveg, sem liggur utan byggðar og hefur umferð stórra þungra bíla sem eru á hægum akstri. Til að byrja með er þó gert ráð fyrir að aðalaðkoman verði frá núverandi hringtorgi á Þorlákshafnarvegi, um Hafnarveg og Óseyrarbraut. Þessi leið er skilgreind sem stofnvegur.

Meginmarkmiðið með breytingu á aðalskipulagi er að setja skýrari skilmála utan um hafnarstarfsemina á svæðinu, vöxt hennar og viðhald. Einnig er áhersla lögð á að færa alla starfsemi sem getur haft í för með sér lyktarmengun, fjær þéttbýlinu.

2.1 STAÐHÆTTIR OG AÐKOMA

Skipulagssvæðið er um 132 ha að stærð. Syðri hluti skipulagssvæðisins er þegar byggður og er þar ýmiskonar starfsemi eins og fiskverkun, þjónusta við fiskiskip, smábátahöfn, gámasvæði, frystigeymsla, vöruhús og önnur hafsækin starfsemi. Svæðið allra syðst hefur verið nýtt fyrir jarðefnaiðnað. Norðan aðkomuvegar að höfninni og austan Þorlákshafnarvegjar er hálfgróið og óbyggt svæði þar sem unnið hefur verið að uppgræðslu undanfarin ár, m.a. með melgresi og lúpínu. Landnotkun á norðurhluta svæðisins er fyrir hafnsækna starfsemi sem er áætluð í tengingu við framtíðarstækkun hafnarsvæðisins.

2.2 TENGLI VIÐ AÐRAR ÁÆTLANIR

Í Landsskipulagsstefnu 2015-2026 er sett fram stefna um samkeppnishæf samfélög og atvinnulíf ásamt gæðum hins byggða umhverfis. Eftirfarandi kemur m.a. fram í stefnunni og er þessi breyting í samræmi við setta stefnu ríkisins:

„3.4.1 Öflugir innviðir

Skipulagsgerð sveitarfélaga stuðli að uppbyggingu atvinnulífs til framtíðar, með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og öflugum innviðum. Sérstaklega verði hugað að fjölbreytni atvinnulífs með tilliti til þols gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.“

Samhliða aðalskipulagsbreytingunni er unnið að nýju deiliskipulagi fyrir umrætt svæði.

2.3 STEFNA Í GILDANDI AÐALSKIPULAGI

Í gildandi Aðalskipulagi Ölfuss 2010-2022 er skipulagssvæðið að mestu skilgreint sem hafnarsvæði og að hluta sem athafnasvæði.

Í aðalskipulaginu segir m.a. í kafla 4.3.5. *Hafnarsvæði:*

„Markmið:

- *Stefnt er að uppbyggingu stórskipahafnar.*
- *Stefnt er að eflingu starfsemi tengdri sjósókn og flutningum á sjó.*
- *Tryggð verði fyrirtaks aðstaða fyrir flutningastarfsemi og aðra hafnsækna starfsemi.*
- *Bestu fánlegri tækni verði ávallt beitt til að draga úr mengun frá hafnarsvæðum.*
- *Umhverfisásýnd hafnarsvæða skal ávallt vera til fyrirmyndar.*

Leiðir:

- *Tekið er frá landsvæði fyrir stórskipahöfn í upplandi hafnarsvæðis.*
- *Tryggt verði nægjanlegt framboð rúmra lóða fyrir hafnsækna starfsemi.*
- *Gerð er krafa um að í deiliskipulagi verði gerð grein fyrir yfirbragði og ásýnd mannvirkja og svæðisins“*

Í aðalskipulaginu segir m.a. í kafla 4.3.3. *Athafnasvæði:*

„Markmið:

- *Stefnt er að fjölbreyttu framboði athafnalóða fyrir mismunandi fyrirtæki.*
- *Lögð verður áhersla á að skapa fyrirtækjum í matvælaframleiðslu góðar umhverfisaðstæður.*
- *Stuðlað verði að aðlaðandi ásýnd og áhersla lögð á vandaðan frágang umhverfisins.*

Leiðir:

- Skapaðar verði forsendur fyrir ferðamannatengda starfsemi, m.a. með uppbyggingu íþróttasvæðisins, golfvallar og minnjasvæðis.
- Við skipulag svæðis og hönnun bygginga verði þess gætt að starfsemi geti þróast og breyst svo að hús og svæði nýtist til annarra nota en upphaflega var áætlað. Þannig sé stuðlað að sveigjanleika og lífvænleika byggðarinnar“.

Samkvæmt gildandi aðalskipulagi er miðað við að íbúum Þorlákshafnar fjölgi um 2-2,5% á ári og er það eitt af meginmarkmiðum aðalskipulagsins að stuðla að auknum og fjölbreyttum atvinnutækifærum með nægu lóðaframboði undir fjölbreyttan iðnað, ferðaþjónustu og aðra atvinnustarfsemi. Haldið verður í þessi meginmarkmið og leiðir sem settar eru fram í gildandi skipulagi.

2.4 FORNMINJAR OG VERNDARSVÆÐI

Í umsögn Minjastofnunar Íslands við skipulags- og matslýsinguna kom fram að starfsmaður Minjastofnunar Íslands hafi skoðað svæðið á vettvangi og að engar fornleifar hafi fundist innan svæðisins. Minjastofnun Íslands bendir á skráningu fornleifa frá árinu 1999 í landi Þorlákshafnarbæjarins. Í skýrslunni kemur fram að Þorlákshafnarbærinn og bæjarstæðið séu horfin undir byggingar á svæðinu og að bærinn hafi staðið þar sem nú er Hafnarskeið 6, 8a og 8b. Kirkjan sem var á svæðinu er talin hafa staðið þar sem nú er Hafnarskeið 8. Sunnarlega á skipulagssvæðinu eru tvær minjar, Hraunbúðir (ÁR548:048) og Réttarstekkur (ÁR548:020). Minjarnar eru merktar á uppdrátt.

Svæðið sunnan Suðurvarar er á náttúruminjaskrá nr. 757. Afmörkun svæðisins í gildandi skipulagi er röng og er hún leiðrétt í þessari breytingu. Starfsemi á svæðinu er óbreytt og því ættu áhrif á verndarsvæði að vera óveruleg.

Þar sem áhrifin eru metin óviss á reitnum eru ítrekuð ákvæði í gr. 24 í lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Ákvæðið snýr að því að finnist áður ókunnar minjar skal skýra Minjastofnun frá fundinum strax og framkvæmdir stöðvaðar. Í deiliskipulagi skal þessari ábendingu komið á framfæri.

2.5 LYKTARMENGUN

Markmið breytingarinnar er m.a. að færa lyktarmengandi starfsemi úr þéttbýlinu og hefur verið horft til þess að slík fyrirtæki séu á iðnaðarsvæði skammt vestan Þorlákshafnar. Veðurstofa Íslands setur fram vindrósir og eru þær reiknaðar út frá þeim veðurstöðvum sem eru næstar Þorlákshöfn. Vindrósirnar benda til að NA átt sé ríkjandi en að SSA átt og vestanátt hafi hvað lægsta tíðni vindáttu.

Með því að færa lyktarmengandi starfsemi vestur fyrir þéttbýlið þá stendur vindur á haf út en ekki yfir byggðina. Eftir sem áður verður alltaf einhver lykt frá fiskvinnslu á hafnarsvæðinu sem óhjákvæmilegt er að eiga við.

3 BREYTING Á AÐALSKIPULAGI

Breytingar verða gerðar á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð. Helsta breytingin á gildandi aðalskipulagi er breyting á landnotkun að hluta til, vegakerfi og stofnstígum um hafnarsvæði Þorlákshafnar. Skilmálar fyrir svæðið hafa verið endurskoðaðir m.t.t. nýrra lóða og samgöngukerfis.

BREYTING Á UPPDRÆTTI

Skipulagssvæðið er um 132 ha að stærð. Helstu breytingar á aðalskipulagsuppdrætti eru þessar:

- Stofnvegur að Herjólfsbryggju verður um Hafnarveg og Óseyrarbraut í stað þess að liggja austan megin við núverandi byggingar við Hafnarskeið 18-24.
- Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum við Þorlákshafnarveg í stað undirganga. Gatnamótin flytjast um 100 m til norðurs.
- Vegir verða almennt aðlagðir nýtingu hafnarinnar sem ferjuhafnar og með tilliti til stækkunar hafnarinnar til framtíðar inn í Skötubót.
- Stofnstígar eru aðlagðir að breyttu vegakerfi á hafnarsvæðinu. Staðsetning undirganga fyrir hestaumferð undir Þorlákshafnarveg er færð til suðurs, þar sem þau eru í dag.
- Landnotkun á reit A1 norðan við núverandi stofnbraut, Hafnarveg, er breytt úr athafnasvæði í hafnarsvæði og verður hluti af H0.
- Landnotkunarflákinn H0 er stækkaður til norðurs og til vesturs nær Þorlákshafnarvegi á svæði sem var áður óbyggt svæði.
- Landnotkun á A3 verður breytt í hafnsækna starfsemi en með heimild fyrir ýmiskonar starfsemi og fellur hann inn í H3.

Gerðar eru nokkrar minni háttar breytingar á hafnarmannvirkjum, en í gildandi aðalskipulagi segir: „*Innan hafnarsvæða er unnt að gera óverulegar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi*“.

Þar sem um breytingu er að ræða er tækifærið nýtt til að aðlaga uppdrátt skv. þessum minniháttar breytingum sem hafa átt sér stað.

TEXTI Í GREINARGERÐ GILDANDI SKIPULAGS

Í kafla 4.3.5 um hafnarsvæði er eftirfarandi texti í greinargerð gildandi skipulags:

„Gert er ráð fyrir að aðal aðkoman inn á höfnina og að Herjólsbryggju verð um nýjan veg, Hafnarveg, sem liggur frá hringtorgi inn í bæinn og tengist Hafnarskeiði. Gert er ráð fyrir vinnuvegi fyrir þunga-umferð sem liggja mun frá svæði H0 sem leið liggur undir núverandi reiðgöng skammt norðan Þorlákshafnar og að iðnaðarsvæðum vestan Þorlákshafnar. Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið reiti H1-H4 liggur fyrir.

Innan hafnarsvæðis er unnt að gera breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæðinu er skipt upp í fimm svæði til þess að stuðla að því að ólík starfsemi verði aðgreind en til viðmiðunar og skal endanlega ákvarðast í deiliskipulagi, almennt skal miða við að nýtingarhlutfall sé 0,1 – 0,5.

Jarðefnaiðnaður setur svip sinn á syðsta hluta svæðisins og töluvert sandfok er af svæðinu. Nálægð við hverfisverndarsvæði, minjar og útivistarsvæði og íbúðabyggð kallar á bættafrágang á lóðinni. Gera þarf kröfu um vandaðan frágang hvað varðar ásýnd og fok af svæðinu. Í eftirfarandi töflu er talin upp mismunandi starfsemi á hafnarsvæðinu.

Uppbygging stórskipahafnar er umhverfismatsskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sbr. kafla 1.5 um framkvæmdir sem háðar eru mati á umhverfisáhrifum“.

Nr.	Lýsing á starfsemi	Fullbyggt	
		Stærð í ha	Nýt.hlf.
H0	Framtíðarstækkun hafnarsvæðisins.	52,6	0,1-0,3
H1	Fiskihöfn, löndun og þjónusta við fiskiskip og smábátahöfn.	8,1	0,1-0,5
H2	Ferjuhöfn, verslun og ferðaþjónusta. Flutningahöfn, gámasvæði, frystigeymsla, vöruhús og tollafgreiðsla.	6,5	0,1-0,15
H3	Fiskverkun og vinnsla.	2,1	0,3-0,5
H4	Vikurvinnsla – Jarðefnaiðnaður og BM Vallá ehf.	7,8	0,1-0,15
H5	Hafnsækin starfsemi. Fiskverkun, þjónusta við útgerð og veiðarfæraverkstæði.	8,5	0,3-0,5
Samtals		86	0,1-0,5

Í kafla 4.3.3. fyrir athafnasvæði er eftirfarandi tafla:

Nr.	Nafn	Lýsing á starfsemi	Fullbyggt	
			Stærð í ha	Nýthlf.
A1	Norðan og sunnan við Hafnargötu	Umboðs- og heildsölur, skrifstofur og þjónusta ásamt léttum iðnaði. Bilastæði fyrir stærri bíla við Vesturbakka.	12,9	0,3-0,5
A2	Unubakki/ Vesturbakki	Léttur iðnaður, vörugeymslur, hreinleg verkstæði, t.d. bifreiða- og trésmíðaverkstæði. Spennistöð er staðsett nyrst á svæðinu. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	3,9	0,3-0,5
A3	Hafnarskeið, Óseyrarbraut, Nesbraut	Umboðs- og heildsölur, skrifstofur, léttur iðnaður og ýmis þjónusta. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	2,0	0,2-0,4
Samtals			18,8	0,2-0,5

TEXTI Í GREINARGERÐ EFTIR BREYTINGU:

Kafla 4.3.5. um hafnarsvæði:

Meginaðkoman inn á hafnarsvæðið og að Herjólfsbryggju verður um Hafnarveg, sem liggur frá hringtorgi á Þorlákshafnarvegi og um Óseyrarbraut og Skarfasker og að Herjólfsbryggju. Þessi leið verður stofnvegur.

Gert er ráð fyrir mislægum gatnamótum undir Þorlákshafnarveg. Þessi leið frá mislægu gatnamótunum er hugsuð sem framtíðar aðkoma að hafnarsvæðinu. Hún veitir einnig möguleika á uppbyggingu hafnsækinnar starfsemi í framtíðinni vestan Þorlákshafnarvegur.

Innan hafnarsvæðis er unnt að gera minni háttar breytingar á hafnarbakka, bryggjum og landfyllingum án þess að breyta þurfi aðalskipulagi, en gera skal grein fyrir slíkum breytingum í deiliskipulagi.

Hafnarsvæðinu er skipt upp í fimm svæði til þess að stuðla að því að ólík starfsemi verði aðgreind. Nýtingarhlutfall á hverjum reit fyrir sig er til viðmiðunar og skal endanlega ákvarðast í deiliskipulagi, en almennt skal miða við að nýtingarhlutfall sé 0,1 – 0,5.

Innan H0 n.t.t. við Skötubót er efnistaka á sandi heimil til nýtingar innan hafnarsvæðisins s.s. mótun plana til geymslu á vörum/gámum sem fylgja flutningum. Heimildin er veitt þar sem fyrirhugað er að stækka höfnina út í Skötubót og mun þurfa að flytja efni frá svæðinu í framtíðinni. Heimil er því efnistaka minni en 50.000 m³. Efnistakan fellur undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum n.t.t. 1. viðauka laganna lið 2.04. Framkvæmdin er því tilkynningaskyld samkvæmt C flokki.

Sé frekari efnistaka fyrirhuguð í framtíðinni skal svæðið skilgreint sem efnistökusvæði skv. skipulagslögum og lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Jarðefnaiðnaður setur svip sinn á syðsta hluta svæðisins. Nálægð við hverfisverndarsvæði, minjar og útivistarsvæði og íbúðarbyggð kallar á góðan frágang á lóðinni, m.a. til að hindra mögulegt fok. Starfsemi er víkjandi.

Gerð er krafa um vandaðan frágang hvað varðar ásýnd og umgengni. Í eftirfarandi töflu er talin upp mismunandi starfsemi á hafnarsvæðinu.

Nr.	Lýsing á starfsemi	Fullbyggt	
		Stærð í ha	Nýt.hlf.
H0	Framtíðarstækkun hafnarsvæðisins.	59	0,1-0,5
H1	Fiskihöfn, löndun og þjónusta við fiskiskip og smábátahöfn.	10,9	0,1-0,5
H2	Ferjuhöfn, verslun og ferðaþjónusta. Flutningahöfn, gámastæði, frystigeymsla, vöruhús og tollafgreiðsla.	6,5	0,1-0,5
H3	Fiskverkun og vinnsla ásamt ferðaþjónustu.	2,1	0,3-0,5
H4	Hafnarsvæði sem og t.d. skrifstofur, léttur iðnaður, ýmis þjónusta, ferðaþjónusta og gisting. Vikurvinnsla – jarðefnaiðnaður er á svæðinu en starfsemi er víkjandi.	9,8	0,1-0,15
H5	Hafnsækin starfsemi. Fiskverkun, þjónusta við útgerð og veiðarfæraverkstæði.	5,7	0,3-0,5
Samtals		94	0,1-0,5

Uppbygging stórskipahafnar er umhverfismatskyld framkvæmd skv. lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 sbr. 1. viðauka laganna.

Kafla 4.4.3 um athafnasvæði:

Athafnasvæðið A1 er norðan og sunnan við Hafnargötu. Svæðið norðan Hafnargötu er fellt undir hafnarsvæðið H0. A1 minnkar um rúma 2 ha. A3 er fellt út og verður það hluti af H2.

Eftir breytingar verður tafla um athafnasvæði eftirfarandi:

Nr.	Nafn	Lýsing á starfsemi	Fullbyggt	
			Stærð í ha	Nýthlf.
A1	Norðan og sunnan við Hafnargötu	Umboðs- og heilidsölur, skrifstofur og þjónusta ásamt léttum iðnaði. Bilastæði fyrir stærri bíla við Vesturbakka.	10,5	0,3-0,5
A2	Unubakki/ Vesturbakki	Léttur iðnaður, vörugeymslur, hreinleg verkstæði, t.d. bifreiða- og trésmiðaverkstæði. Spennistöð er staðsett nyrst á svæðinu. Svigrúm er fyrir breytingar á núverandi húsnæði og nýbyggingar á svæðinu sem falla að nýtingu svæðisins.	3,9	0,3-0,5
Samtals			14,4	0,2-0,5

4 UMHVERFISSKÝRSLA

Gerð er grein fyrir þeim umhverfispáttum sem líklegt er að verði fyrir áhrifum af breytingu aðalskipulags. Skipulagsbreytingin er háð lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem skipulagið felur í sér framkvæmd sem fellur undir lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, s.s. breytingu á stofn- og tengivegi. Við vinnslu breytingarinnar voru skoðuð áhrif á umhverfispættina sem eru í töflu 1. og þeir metnir í samræmi við gildandi stefnu ríkis og sveitarfélags sem og viðeigandi lög og reglugerðir.

Þeir þættir breytingarinnar sem taldir eru líklegir til að hafa áhrif á umhverfið er breyttur stofnvegur inn á hafnarvæðið. Fyrirhugað var skv. skipulags- og matslýsingu að horfa til færslu fráveitulagnar en metið var þegar skipulagsvinnan hófst að ekki væri tímabært að fara í slíkar greiningar, en þær þarf að gera þegar fyrirséð er hvenær höfnin stækkar út í Skötubótina.

TAFLA 1. Yfirlit yfir umhverfispætti og matsspurningar.

UMHVERFISPÁTTUR	MATSSPURNINGAR	STEFNUSKJÖL OG VIÐMIÐ
Samfélag	Mun breytingin efla atvinnulíf og styrkja byggð?	Stefna um atvinnu í gildandi aðalskipulagi.
Heilsa og öryggi	Mun skipulagið hafa áhrif á heilsu og öryggi m.t.t. hljóðvistar, loftgæða og umferðaröryggis?	Reglugerð um hávaða nr. 724/2008 með áherslu á 1. gr. og viðauki 1 n.t.t. töflu III. <i>Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi.</i> Lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir áhersla á 5. gr.
Sjór og strandsvæði	Mun skipulagið hafa áhrif á sjó og/eða strandsvæði?	Lög nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.
Forn- og náttúruminjar	Mun skipulagið hafa áhrif á minjar? Mun skipulagið hafa áhrif á verndarsvæði?	Lög um menningarminjar 80/2012 með áherslu á gr. 24. Skýrsla um fornleifaskráningu frá 1999, „Fornleifar í landi Þorlákshafnarbæjarins gamla.“ Náttúruverndaráætlun svæði nr. 757

Í umhverfisskýrslu eru bornir saman þrjú kostir í töflu 3.

1. Núllkostur telst til grunnástands
2. Gildandi aðalskipulag
3. Breytt skipulag

TAFLA 2. Yfirlit yfir vægi umhverfisáhrifa.

VÆGI ÁHRIFA	TÁKN	SKÝRING
Jákvæð áhrif		Stefna áætlunar hefur jákvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
Óveruleg eða engin		Stefna áætlunar hefur ekki teljandi áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
Neikvæð áhrif		Stefnan áætlunar hefur neikvæð áhrif á viðkomandi umhverfispátt.
Óvissa		Ekki er vitað um eðli eða umfang áhrifa á umhverfispáttinn. Skortur er á upplýsingum, tæknilegir annmarkar og/eða skortur á þekkingu.

TAFLA 3. Umhverfisþættir sem aðalskipulagsbreytingin hefur áhrif á.

UMHVERFISÞÁTTUR	NÚLL KOSTUR – GRUNNÁSTAND	GILDANDI SKIPULAG	BREYTT SKIPULAG
Samfélag og hagræn áhrif	Ekki verður byggt upp á nyrsta hluta hafnarsvæðis. Ekki kostur að bjóða nýjum fyrirtækjum lóðir. Tækifæri vegna aukningar á vöruflutningum ekki nýtt til atvinnusköpunar. Stuðlar ekki að fjölgun íbúa.	Áhrif talin óveruleg á heildina lítið þar sem lítið er um óbyggðar lóðir. Áhrifin eru jákvæð en staðbundin á nyrsta hluta hafnarsvæðisins en þar eru fyrirhugaðar nýjar lóðir sem stuðla að atvinnutækifærum.	Gefur tækifæri til uppbyggingar atvinnustarfsemi á óbyggðum hluta t.d. nyrst á svæðinu. Um er að ræða mismunandi stærðir á lóðum sem getur stuðlað að fjölbreytileika í starfsemi á svæðinu. Stuðlar að fleiri atvinnutækifærum og fólksfjölgun. Mislæg gatnamót við Þorlákshafnarveg skapa skilvirkari tengingu við hafnarsvæðið, einkum þegar höfnin verður fullbyggð.
Heilsa og öryggi	Á heildina lítið eru áhrif metin óveruleg. Áhrif eru staðbundin og neikvæð við sum gatnamót vegna umferðaröryggis.	Ekki fyrirhuguð mikil uppbygging. Áhrif á loftmengun og hávaða talin óveruleg eða engin. Áhrif á umferðaröryggi eru metin þau sömu og fyrir grunnástand.	Bættar samgöngur tryggja greiðari og öruggari samgöngur inn á hafnarsvæðið. Meiri umsvif við hafnarsvæðið kalla á bætt umferðaröryggi. Ef engar breytingar verða getur það haft neikvæð áhrif á öryggi. Áhrif á loftgæði og hávaða geta verið neikvæð vegna meiri umferðar en slíkt veltur á hönnun gatna og umferðarstyrkingu.
Sjór og strandsvæði	Óveruleg eða engin.	Óveruleg eða engin.	Óveruleg eða engin.
Forn- og náttúruminjar	Óveruleg eða engin.	Óveruleg eða engin.	Óveruleg eða engin.

TAFLA 4. Samanburður veglína.

VALKOSTUR	SKÝRINGARMYND	UMHVERFISÁHRIF
Núll kostur Hafnarvegur stofnbraut – grunnástand		Valkosturinn gerir ráð fyrir aðkomu að Herjólfsbryggju um Hafnarveg og Óseyrarbraut. Valkosturinn er jafnframt grunnástand. Valkosturinn færir þungaumferð ekki fjær íbúðarbyggð og verslunar- og þjónustusvæði eins og kostur 1. Valkosturinn er ekki talin styðja við framtíðar áform um stækkun hafnarsvæðis norðan Hafnarveggar, H0, og við Skötubót. Valkosturinn nýtir hinsvegar núverandi gatnakerfi/stofnvegakerfi sem er jákvætt núna en ekki til framtíðar.
Valkostur 1 Gildandi skipulag		Í gildandi skipulagi er stofnbraut um Hafnarveg en fer þaðan um veg sem fyrirhugaður er í gildandi deiliskipulagi og niður að Herjólfsbryggju. Þar sem einnig er verið að breyta deiliskipulagi á þessu svæði er þessi lega ekki talin ákjósanleg þar sem nýting á landsvæði við veginn verður ekki nægilega góð. Nýting lands er því talin neikvæð með þessum valkosti.
Valkostur 2 Óseyrarbraut stofnbraut		Valkosturinn færir stofnbrautina frá Hafnarvegi á Óseyrarbraut, frá Þorlákshafnarvegi að Herjólfsbryggju með mislægum gatnamótum við Þorlákshafnarveg. Færsla stofnbrautarinnar gefur mikil tækifæri til að vera lífæð inn á hafnarsvæðið og inn á nýtt framtíðar hafnarsvæði við Skötubót. Með þessu er þungaumferð einnig dregin lengra frá íbúðarbyggð og verslunar- og þjónustusvæði. Færslan er talin hafa jákvæð áhrif á landnotkun þar sem ekki verður þörf á að minnka lóðir til að víkka gatnamót og lóðir sem liggja við hana munu verða ákjósanlegar fyrir fyrirtæki sem þurfa gott aðgengi að stofnbraut m.a. vegna stórra bíla og gámaflutninga.

Valkostur 2 þykir vera ákjósanlegasti kosturinn til lengri framtíðar fyrir sveitarfélagið. Valkosturinn er talinn tryggja góða aðkomu að Herjólfsbryggju og skapa góða tengingu fyrir atvinnuuppbyggingu á hafnarsvæðinu til norðurs og út í Skötubót. Veglínan er talin geta orðið lífæð flutninga til og frá hafnarsvæðinu og færa þungaflutninga fjær íbúðar-, verslunar- og þjónustusvæðum.

Samráð hefur verið við Vegagerðina þar sem stofnunin fer með umráðarétt yfir stofnbrautum landsins. Vegagerðin var ekki hlynnt valkosti 2 og vill nýta núverandi stofnbraut um Hafnarveg (núll kostur). Hinsvegar er gert ráð fyrir mislægum gatnamótum við Þorlákshafnarveg til að horfa til framtíðar.

Það er stefna sveitarfélagsins að í framtíðinni verði stofnvegur að Herjólfsbryggju og hafnarsvæðinu frá mislægum gatnamótunum við Þorlákshafnarveg, niður Óseyrarbraut að Herjólfsbryggju. Til að byrja með verði hins vegar horft til aðkomu skv. núll kosti.

5 MÁLSMEÐFERÐ OG UMSAGNARAÐILAR

Skipulags- og matslýsing var kynnt á almennum íbúafundi í Þorlákshöfn þann 22.05.2017 og var síðan kynnt á heimasíðu sveitarfélagsins og var frestur til að koma með ábendingar til 02.11.2017. Umsagnir við lýsingu bárust frá Umhverfisstofnun, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands, Mosfellsbæ, Kópavogi, Grímsnes- og Grafningshreppi, Árborg, Vegagerðinni og Skipulagsstofnun.

Umsagnaraðilar á auglýsingatíma aðalskipulagsbreytingarinnar eru; Hafnarstjórn Sveitarfélagsins Ölfuss, Umhverfisstofnun, Vegagerðin, Minjastofnun Íslands, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands og Skipulagsstofnun.